



Ávarp formanns FÍ

Steinunn Bergmann



Steinunn
Bergmann

Kæru félagsráðgjafar!

Félagið okkar blómstrar á 60 ára afmælisárinu í takt við ykkar góðu störf á vettvangi fagsins, en félagsráðgjafar starfa á sífellt fleiri sviðum samfélagsins. Það er í stöðugum vexti og voru félagar í byrjun þessa árs alls 607, 581 með stéttarfélagsaðild og 26 með

fagaðild. Konur eru áfram í miklum meirihluta, eða 94% félagsfólks. Starfsemin fluttist að Borgartúni 27 í nóvember 2023 ásamt níu öðrum stéttar- og fagfélögum og hefur það aukið samstarf og teymisvinnu félaganna. Í húsnæðinu er góð aðstaða til smærri funda, fjarfunda og rafrænna viðburða. Rafrænar lausnir setja mikinn svip á starfsemi félagsins, en þær auðvelda samskipti við félagsfólk um allt land og alþjóðlegt samstarf. Félagið leitar áfram leiða til að styðja félagsfólk og efla fagið og þar gegna fagdeildirnar tólf lykilhlutverki.

Í tilefni af 60 ára afmæli félagsins 19. febrúar 2024 ákvað stjórn þess að standa fyrir gerð heimildarmyndar um 60 ára sögu félagsins. Þegar liggur fyrir bók um 50 ára sögu þess sem Eldey Huld Jónsdóttir tók saman og gefin var út árið 2018 á prenti en er einnig aðgengileg á vefsíðu félagsins (<https://felagsradgjof.is/felagid/saga-felagsins/>). María Björk Ingvadóttir, félagsráðgjafi og fjölmiðlakona, hefur haft veg og vanda af gerð myndarinnar sem var forsýnd á 60 ára afmæli félagsins fyrir þau sem koma fram í myndinni og frumsýnd á Félagaráðgjafabýgingi 23. febrúar. Við gerð myndarinnar voru í júlí 2023 tekin viðtöl við þrjá af stofnendum félagsins og heiðursfélaga, þær Guðrúnu Jónsdóttur, Kristínu Gústavsdóttur og Margræti Margeirsdóttur. Á haustmánuðum voru síðan tekin viðtöl við Guðrúnu Kristinsdóttur, Láru Björnsdóttur, Nönnu K. Sigurðardóttur, Pál Ólafsson, Sigrúnu Júlíusdóttur og núverandi formann félagsins. Myndin tekur alls 40 mínútur í sýningu og er hún kærkomin viðbót við sögu félagsins. Auk þess eru til upptökur af hverju viðtali sem á eftir að vinna nánar. Það er mikill fjársjóður fyrir félagið að eiga þessa heimild fyrir komandi kynslóðir

félagsráðgjafa og þökkum við þátttakendum í myndinni fyrir þeirra framlag.

Félagið var aðili að málþingi 29. nóvember sem Forlagið stóð fyrir til heiðurs Guðrúnu Jónsdóttur í tilefni af útgáfu ævi- og baráttusögu hennar, *Ég verð aldrei ungfrú meðfærileg*, sem rituð er af Ingibjörgu Dögg Kjartansdóttur. Auk þess að vera stofnandi og heiðursfélagi Félagaráðgjafafélags Íslands var Guðrún einn af mikilvægustu brautryðjendum kvennabaráttunnar á síðustu öld og hún var í hópi þeirra kvenna sem stofnuðu Kvennaframboðið og Stígámót. Guðrún lést 9. janúar 2024, 92 ára að aldri, en minning hennar lifir með félagsráðgjafastéttinni.

Á undanfögnu ári hefur félagið staðið að fjölmörgum viðburðum sem flestir hafa verið í samstarfi við fagdeildir. Þann 22. október stóð félagið að viðburði í tilefni af því að 150 ár voru liðin frá fæðingu Ólafíu Jóhannsdóttur sem kölluð hefur verið „móðir Teresa norðursins“. Hinn 23. október stóð félagið fyrir málstofu um tengslahegðun á grunni DMM-tengslahegðunarmódelisins. Félagið var með hliðarviðburð í tengslum við Kvennaverkfall 24. október þar sem fjallað var um ævi Ólafíu Jóhannsdóttur í máli og myndum. Hinn 25. október var félagið með rafrænt námskeið um ASEBA í samstarfi við fagdeild skólafélagsráðgjafa og síðanefnd FÍ stóð fyrir vinnusmiðju 26. október. Þá hélt félagið málþing í samstarfi við fagdeild fjölmenningsfélagsráðgjafa 23. nóvember 2023 þar sem fimm fyrirlesarar fjölluðu um málefni innflytjenda og flóttafólks. Fagdeild félagsráðgjafa í barnavernd var með fund 24. nóvember þar sem fjallað var um hlutverk umdæmisráða í barnavernd og kosið nýtt fagráð. Félagið var með morgunverðarfund 11. desember í tilefni alþjóða mannréttindadagsins í samstarfi við fagdeild félagsráðgjafa í heilbrigðisþjónustu. Yfirskrift fundarins var *Mannréttindi fyrir öll* og áherslan á stöðu fólks með geðrænar áskoranir.

Eins og áður sagði fagnaði félagið 60 ára afmæli 19. febrúar 2023 og stóð fyrir margvíslegum viðburðum í afmælisvikunni. Á afmælisdaginn var boðið upp á rafræna málstofu um leiðir til að takast á við sálrænt álag í starfi félagsráðgjafa. Sama dag var forsýning á

heimildarmynd um 60 ára sögu félagsins og félagsráðgjafar á Íslandi fyrir boðsgesti. Félagsráðgjöfum sem hafa sinnt trúnaðarstörfum fyrir félagið á undanföllum árum var síðan boðið til móttöku á Bessastöðum 22. febrúar. Vikan endaði með Félagsráðgjafafélagi 23. febrúar 2023 sem var sem fyrr í samstarfi við Félagsráðgjafardeild HÍ og Ís-Forsa. Yfirskrift þingsins var *Félagsráðgjöf og farsæld í 60 ár* og dagskráin fjölbreytt að vanda. Fjallað er nánar um Félagsráðgjafafélag og 60 ára afmæli félagsins á bls. 93-94.

Alþjóðadagur félagsráðgjafar var 19. mars 2024 og var honum fagnað um allan heim með margvíslegum viðburðum, svo sem staðfundum og rafrænum málþingum. Í síbreytilegum heimi er auðvelt að tengja við kjörorð dagsins í ár: „Buen Vivir: Shared future for transformative change“ eða Gott líf: Sameiginleg framtíð fyrir gagnngerar breytingar (þýðing Steinunn Bergmann). Félagsráðgjöf er breytiafl og snýst um að efla fólk og samfélög til að takast á við margvíslegar aðstæður og breytingar, svo sem af völdum hamfara. Félagið stóð að morgunfundi 15. mars í samstarfi við aðgerðahóp félagsráðgjafa þar sem fjallað var um græna félagsráðgjöf. Nánar er fjallað um alþjóðadag félagsráðgjafar á bls. 92.

Félagsráðgjafafélag Íslands hélt morgunfund 10. apríl 2024 í samstarfi við fagdeildir í endurhæfingu, félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu þar sem fjallað var um endurskoðun örorkulífeyriskerfis almanna-trygginga. Á fundinum kynnti Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra, helstu breytingar og svaraði fyrirspurnum. Félagið mun leggja áherslu á að fylgjast með málinu en frumvarp um breytingu á ýmsum lögum vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfis almanna-trygginga liggur nú fyrir Alþingi og hefur félagið sent inn umsögn um málið. Sem fyrr tekur félagið þátt í stefnumálum stjórnvalda

og veitir umsagnir um mál sem snerta fagið. Á liðnu starfsári voru ritaðar 37 umsagnir um þingmál og frumvörp á Alþingi og um skýrslur og stefnumál innan ráðuneyta. Auk þess voru settar fram ályktanir um álitamál og skorað á íslensk stjórnvöld að beita sér í þágu mannréttinda og friðar vegna ástandsins á Gaza.

Kjarasamningar, sem undirritaðir voru á vorkmánuðum 2023, voru lausir 31. mars 2024 og því hefur vinna við kjarasamninga staðið yfir nær óslitið frá árinu 2022. Kröfugerð, sem unnin var í kjölfar viðhorfskönnunar meðal félagsfólks og á félagsfundum á haustmánuðum 2022, á enn við þar sem samningar 2023 snerust einungis um launaliðinn. Lögð er áhersla á mánaðarlega fundi með trúnaðarmönnum til að miðla upplýsingum og fá skilaboð frá vettvangi en auk þess standa yfir vinnustaðafundir með félagsfólki. Þá er náið samstarf við önnur félög innan BHM vegna kjaraviðræðna.

Félagsráðgjafafélag Íslands tekur þátt í erlendu samstarfi þar sem fundað er tvisvar á ári á norrænum vettvangi, árlega með fulltrúum evrópuðeildar Alþjóðasamtaka félagsráðgjafa (IFSW) og annað hvert ár með IFSW. Það skiptir miklu máli fyrir félagið að taka virkan þátt í alþjóðastarfi því að þannig getur það lagt sitt af mörkum og um leið lært af öðrum. Formanni félagsins hlotnaðist sá heiður að taka þátt í afmælisráðstefnu samtaka félagsráðgjafa í geðheilbrigðisþjónustu (Korean Academy of Mental Health Social Work) í Suður-Kóreu 19. maí 2023 og fjalla þar um þróun félagsráðgjafar á Íslandi og norrænt samstarf.

Breytingar verða á skrifstofu félagsins 1. júní 2024 þar sem Sveindís Anna Jóhannsdóttir lætur af störfum framkvæmdastjóra og er unnið að ráðningu eftirmanns hennar. Við þökkum Sveindísi fyrir ánægjulegt samstarf síðastliðið ár og óskum henni velfarnaðar í nýju starfi.



Pistill siðanefndar 2024

Samantekt Guðrúnar H. Sederholm



Guðrún H.
Sederholm

„Félagsráðgjafi tekur þátt í stefnumótun stjórnvalda, mót-mælir óréttlátri stefnu og framkvæmd hennar er varðar jaðarsetta hópa samfélagsins og aðra minnihlutahópa sem þarfnast opinbers stuðnings til þess að njóta félagslegs réttlætis og mannréttinda. Hann berst gegn hvers konar fordómum og bendir á mikilvægi margbreytileikans fyrir samfélagið. Félagsráðgjafi beitir sér fyrir sífelltri umræðu um siðferðisleg gildi í samfélaginu.“ Þannig hljóðar 2. gr. siðareglna félagsráðgjafa undir flokknum frumskyldur. Reglurnar voru samþykktar árið 2021, en markviss vinna hefur farið fram undanfarin ár hjá siðanefnd og félaginu til að efla umræðu og vitund um siðareglur félagsráðgjafa.

Á Félagsráðgjafafingri í febrúar árið 2017 stóð siðanefnd fyrir umræðustofu sem nefndist *Hlutdeild félagsráðgjafa í stefnumótun*. Í umræðustofunni voru hlutverk og ítök félagsráðgjafa rædd, sem og þátttaka þeirra í stefnumótun. Umræðuspurningar voru: *Aukin þátttaka í stefnumótun? Þjóna úrræðin þörfum fólks?*

Í maí árið 2017 hélt Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) Evrópuráðstefnu félagsráðgjafa (IFSW European Conference) í Hörpu og var Lena Dominelli annar aðalfyrirlesara. Hún fjallaði um jaðarsetningu, niðurskurð, skeytingarleysi og mikilvægi sjálfbærrar félagsráðgjafa. Grunntóninn var að félagsráðgjöf þyrfti að vera mun róttækari en verið hefði fram að þessu, berjast þyrfti fyrir björgum og velferð. Þessar áherslur er að finna í hinum alþjóðlegu siðareglum frá 2018 sem okkar siðareglur eru byggðar á. Við í siðanefndinni höfðum hafið vinnuna nokkru fyrir með markvissri nýtingu málstofa á Félagsráðgjafafingri, sem er árlegur viðburður hjá FÍ.

Á Félagsráðgjafafingri árið 2018

voru tvær spurningar í málstofunni *Siðfræði félagsráðgjafa: Hvernig rödd viljum við hafa sem félagsráðgjafar? Hvernig gefum við skjólstaðingum okkar rödd?* Umræður voru góðar og upp úr því var stofnaður gjörningahópur sem í samvinnu við FÍ vakti athygli á skeytingarleysi stjórnvalda og almennings um málefni jaðarhópa. Uppákoman vakti nokkra athygli.

Árið 2020 var yfirskrift málstofunnar á Félagsráðgjafafingri: *Umræða um grundvallarhugtök í siðareglum FÍ. Hvað þýða þau í reynd og hvernig fjalla félagsráðgjafar um þau?* Settar voru fram eftirfarandi spurningar og álitafni: *Hvað er félagslegt réttlæti? Hvað leggja félagsráðgjafar af mörkum? Mikilvægi margbreytileikans fyrir samfélagið. Hvernig hlúum við að margbreytileikanum?* Málstofan var vel sótt og fram kom að þátttakendum fannst umræðan mjög þörf.

Á Félagsráðgjafafingri árið 2022 var sjónum beint að *mannréttindum jaðarhópa* og fjallað var um nýja grein í siðareglum FÍ sem er byggð á alþjóðasiðareglum félagsráðgjafa. Þrjú erindi voru á málstofunni. Guðbjörg Ottósdóttir og Anna Sigrún Ingimarsdóttir töluðu um fjölmenningu og minnihlutahópa, andstöðu og óþekkt. Guðrún Jónsdóttir talaði um konur sem hafa verið beittar kynferðislegu ofbeldi og Vilborg Oddsdóttir talaði um fátækt. Miklar og fjörugar umræður urðu meðal þátttakenda. Meðal annars komu fram sjónarmið nemenda og kennara og nokkrir nemendur



Opinn fundur siðanefndar



Frá vinstri: Dr. Sigrún Júlíusdóttir, Sveindís Anna Jóhannsdóttir, Guðrún Sederholm og Steinunn Bergmann

töldu að Háskóli Íslands (HÍ) ætti að bjóða upp á meira val í róttækri félagsráðgjöf en þá var gert. Fleiri tillögur komu fram en meginniðurstaðan var að kennslan þyrfti að miðast meira við 2. gr. siðareglanna. Nemum fannst hin klíníska áhersla vera um of ríkjandi í náminu en þá stóð dr. Sigrún Júlíusdóttir upp og sagði: „Klínísk félagsráðgjöf og aktívismi vinna vel saman, þetta eru ekki andstæður.“

Siðanefndin efndi til opinnar vinnustofu fyrir félagsmenn til að ræða sérstaklega 2. gr. siðareglanna og bað frummælendur að svara eftirfarandi spurningum: *Hvað hafið þið gert í starfi til að hafa áhrif á stjórnvöld? Hvað hefur gengið vel og hvað hefur gengið miður? Hvaða aðferð teljið þið að myndi nýtast best til að hafa áhrif á stefnumótun stjórnvalda?* Vinnustofan þótti takast svo vel að þátttakendur stungu upp á að næsta umræðustofa siðanefndar yrði á svipuðum nótum.

Siðanefnd var með umræðustofuna *Hverjum þjónar glundroði?* á Félagsráðgjafafþingi árið 2023. Vinnulag í kringum fjarviðtöl og fjarvinnu virðist ekki vera samræmt þó bæta eigi úr því með setningu reglna í næstu kjarasamningum. Glundroði ríkir meðan umræða hefur ekki átt sér stað um kosti og galla fjarviðtala og aðstæður sem félagsráðgjöfum eru búnaar. Markmið siðanefndar var að skerpa á umræðunni, taka málið á dagskrá og gefa þátttakendum kost á að tjá sig um það í þriggja til fimm manna hópum.

Í framhaldi af umræðu um að klínísk félagsráðgjöf og aktívismi vinni vel saman og séu ekki andstæður bauð siðanefndin dr. Sigrúnu Júlíusdóttur að halda fyrirlestur um þetta á opinni vinnusmiðju siðanefndar FÍ 26. október 2023, sem hún gerði á mjög áhugaverðan hátt, en þar vísaði hún til helstu fræðimanna sem fjallað hafa um valdið, m.a. Chomskys og Foucaults. Hún benti á orð Foucaults þess efnis að hætta sé á að sérfræðingar verði handbendi valdsins og reyni þannig að innleiða hlýðni hjá skjólstæðingum og mikilvægt sé að losa sig úr kerfshollustu. Umræður urðu fjörugar og

þar bar hæst að hlutur Félagsráðgjafardeildar HÍ væri gríðarlega mikilvægur og styrkja þyrfti nemendur í að beita 2. gr. siðareglanna á verkefni og nýta hana til valdeflingar á vettvangi því að félagsráðgjafar væru margir smeykir við yfirboðara sína og ragir við að brydda upp á breytingum.

Síðasta umræðustofa á Félagsráðgjafafþingi í febrúar 2024 bar yfirskriftina *Fjölbreytileiki og inngilding á vinnustað, jafnarsetning á umbrotatímum og jafnræðisreglan*. Skipt var í hópa og umræður voru góðar. Margar hugmyndir og upplýsingar komu fram, til dæmis var bent á að á heimasíðu Fjölmenningarseturs má finna einfalt matstæki fyrir fyrirtæki sem vilja sjá hvernig tekist hefur til með fjölmenningu og inngilding og hvað má bæta. Upplýsingaflæði er oft ábótavant þegar kemur að öðrum tungumálum en íslensku, jafnræðisreglan er frá 1995 og margt hefur breyst í okkar samfélagi, t.d. hvað varðar hlutfall kynjanna, og taka þarf tillit til þess fjölbreytileika í jafnræðisreglunni.

Siðanefnd árið 2023–2024 skipuðu Guðrún Sederholm, Thelma Eyfjörð Jónsdóttir og Valgerður Halldórsdóttir. Á aðlfundi FÍ 2024 urðu þær breytingar á nefndinni að Guðrún og Valgerður létu af störfum og í þeirra stað komu inn Auður Guðmundsdóttir og Vilborg Oddsdóttir. Nefndin mun vinna áfram að því að beita sér fyrir umræðu um siðferðisleg gildi í samfélaginu.



Pistill vísindanefndar

Vísindasjóður Félagsráðgjafafélags Íslands var stofnaður árið 1989. Markmið sjóðsins hefur frá upphafi verið að efla rannsóknir félagsfólks og er eitt af hlutverkum nefndarinnar að greiða fyrir og halda lifandi umræðu um rannsóknir innan félagsins.

Vísindasjóður skiptist í tvo hluta, A-hluta og B-hluta. A-hluti Vísindasjóðs er ætlaður til að standa straum af framhalds- og endurmenntunarkostnaði og ferða- og dvalarkostnaði vegna námskeiða, ráðstefna og námskeiðsgjalda. Í A-hluta vísindasjóðs renna 90–100% þeirrar upphæðar sem vinnuveitendur greiða í sjóðinn og er sú upphæð greidd út í febrúar ár hvert til þeirra félaga sem eiga aðild að sjóðnum, þ.e. þeirra sem greitt hefur verið fyrir í vísindasjóð. Árlega eru 0–10% upphæðarinnar lögð inn á B-hluta sjóðsins en vísindanefnd ákveður í samráði við stjórn FÍ hverju sinni það hlutfall sem lagt er inn á reikning B-hluta sjóðsins og fer það eftir stöðu sjóðsins hverju sinni. Í ár voru 100% af innkomu ársins 2023 greidd í sjóðinn til félagsmanna sem eiga aðild að honum, eða rúmlega 52.000.000 kr.

B-hluta Vísindasjóðs er ætlað að standa straum af kostnaði við rannsóknar- og þróunarverkefni. Hægt er að sækja um styrk í sjóðinn tvisvar á ári, fyrir 15. apríl og 15. október ár hvert. Verkefnið verða að vera á sviði félagsráðgjafa og vera stéttinni til hagsbóta og framdráttar hvað varðar faglega þekkingu. Sérstakar úthlutunarreglur og umsóknareyðublöð gilda fyrir B-hlutann og er þau að finna á heimasíðu félagsins. Styrkir úr B-hluta eru greiddir út um leið og búið er að samþykka þá, en formleg afhending þeirra var á Félagsráðgjafabþinginu hinn 23. febrúar sl. Styrkþegum er gert að kynna niðurstöður verkefna sinna á þinginu í formi fyrirlesturs innan tveggja ára frá úthlutun eða í formi greinar í *Tímariti félagsráðgjafa* eða sambærilegu tímariti.

Vísindanefnd skipuðu starfsárið 2023–2024: Guðrún Þorgerður Ágústsdóttir, formaður, Hervör Alma Árnadóttir, gjaldkeri, og Guðbjörg María Árnadóttir, ritari. Vísinda-

nefnd hélt hinn 3. apríl sl. opinn vinnufund í samstarfi við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands til að rýna úthlutunarreglur og var kynning á doktorsnámi og umræður um doktorsnám meðal efnis á fundinum. Fundinn sóttu 12 þátttakendur, ýmist rafrænt eða á staðnum.

Þau verkefni sem hlutu styrk starfsárið 2023–2024 voru:

- Ingibjörg Þórðardóttir hlaut styrk að upphæð 400.000 kr. vegna þýðingar á efni til notkunar í meðferðarvinnu sem byggist á líkamsmiðaðri áfallavinnu með skjólstæðingum í meðferð. Ingibjörg mun þýða verkefnabók og flettsþjöld í samvinnu við Trauma Resilience Institute (TRI) sem er eigandi efnisins.
- Guðrún Kristinsdóttir hlaut 750.000 kr. heiðursstyrk Vísindasjóðs fyrir framlag sitt til félagsráðgjafa og rannsókna á sviðinu.
- Félagsráðgjafafélag Íslands hlaut 1.500.000 kr. styrk vegna framleiðslu á heimildarmynd um sögu félagsins sem frumsýnd var á Félagsráðgjafabþinginu í febrúar 2024.

*Fyrir hönd vísindanefndar,
Guðrún Þorgerður Ágústsdóttir, formaður*



Frá vinstri: Guðbjörg María Árnadóttir, fulltrúi í vísindanefnd, Thelma Eyfjörð sem tók á móti styrk f.h. Ingibjargar Þórðardóttur, Steinunn Bergmann, formaður FÍ, dr. Guðrún Kristinsdóttir sem hlaut heiðursstyrk vísindanefndar og Guðrún Þorgerður Ágústsdóttir, formaður vísindanefndar

Alþjóðadagur félagsráðgjafar 2024

Alþjóðadagur félagsráðgjafar var 19. mars en árlega taka félagsráðgjafar um allan heim höndum saman til að fagna deginum og koma á framfæri sameiginlegum skilaboðum. Þema ársins var „Buen Vivir: Shared future for transformative change“ eða Gott líf: Sameiginleg framtíð fyrir gagngerar breytingar (þýðing SB). Formaður Alþjóðasamtaka félagsráðgjafa, Joachim Mumba, hvetur til þess að við fögnum þessari meginreglu og berjumst fyrir framtíð þar sem samfélög og náttúra lifa saman í sátt og samlyndi, framtíð þar sem félagsráðgjafar munu, ásamt almennum borgurum, hanna og byggja saman friðsamleg samfélög í þágu sameiginlegrar sjálfbærrar framtíðar okkar allra. Í mars voru margvíslegir viðburðir um allan heim til að fagna alþjóðadegi félagsráðgjafar, bæði staðfundir og rafræn málþing.

Í tilefni alþjóðadagsins stóð Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) að málþingi 15. mars sl. í samstarfi við aðgerðahóp félagsráðgjafa, þar sem fjallað var um *græna félagsráðgjöf* og hvað hún þýðir fyrir dagleg störf félagsráðgjafa. Fyrirlesarar voru Hanne Glemmestad, prófessor við Félagsvísindadeild Høgskolen i Innlandet í Noregi, og dr. Guðný Björk Eydal, prófessor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Að loknum fyrirlestrum voru umræður. Fundurinn var haldinn í

húsnæði félagsins þangað sem mættu sjö þátttakendur en 10 tóku þátt á Teams. Hanne kynnti vinnu norsku félagsráðgjafasamtakanna á þessu sviði, en þau gáfu nýlega út bók um efnið og vinna að innleiðingu þessarar hugsunar í félagsráðgjöf í Noregi. Guðný Björk ræddi málefnið og tengdi það við íslenskan veruleika.

Formaður FÍ ritaði grein sem var birt á [visir.is](https://www.visir.is/g/20242544736d/althjodadagur-felagsradgjafar) á alþjóðadaginn sjálfan (<https://www.visir.is/g/20242544736d/althjodadagur-felagsradgjafar>). Í greininni var rætt um þau markmið félagsráðgjafar í siðareglum félagsins sem snúa að því að vinna að lausn félagslegra og persónulegra vandamála og sporna við félagslegu ranglæti. Bent var á það að félagsráðgjafar hitta í daglegum störfum sínum fólk sem stendur höllum fæti og þeir vita hvar skórin kreppir í samfélaginu. Einnig var í greininni rætt um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem snúa meðal annars að því að útrýma ofbeldi gagnvart konum og útrýma sárafátækt. Vikið var að hlutverki félagsráðgjafar í því að ná þessum markmiðum, en Alþjóðasamtök félagsráðgjafa hafa um árabil lagt áherslu á tengsl félagsráðgjafar og sjálfbærni. Félagsráðgjöf snýst um mannréttindi og hafa félagsráðgjafar mikilvægu hlutverki að gegna í því að stuðla að velferð einstaklinga og bættu samfélagi.





Viðburðir í tengslum við 60 ára afmæli Félagsráðgjafafélags Íslands

Félagsráðgjafafélag Íslands var stofnað 19. febrúar 1964 og fagnar því 60 ára afmæli í ár. Í tilefni afmælisins ákvað stjórn félagsins að standa að gerð heimildarmyndar um 60 ára sögu félagsins og félagsráðgjafar á Íslandi. Leitað var til nokkurra frumkvöðla um að segja frá stofnun félagsins og þeim þroskaskrefum sem það hefur tekið á 60 árum. María Björk Ingvadóttir, félagsráðgjafi og fjölmiðlakona, tók að sér gerð myndarinnar, sem var frumsýnd á Félagsráðgjafafingri 2024.

Boðið var upp á margvíslega viðburði í afmælisvikunni sem hófst með rafrænni málstofu 19. febrúar 2024 þar sem Herman Mönnink fjallaði um leiðir til að takast á við sálrænt álag í starfi félagsráðgjafa. Þátttakendur voru 40. Síðan var félagið með boð á Hilton Reykjavík Nordica fyrir þau sem komu fram í heimildarmyndinni um 60 ára sögu félagsins og félagsráðgjafar, þar sem myndin var forsýnd og boðið upp á léttar veitingar. Þátttakendur voru 25.

Félagsráðgjafafélag Íslands og Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands héldu málstofu 20. febrúar 2024 um tvær nýlegar rannsóknir um ójöfnuð á Íslandi. Kolbeinn H. Stefánsson fjallaði þar um rannsókn á félagslegu landslagi á Stór-Reykjavíkursvæðinu og fátækt og áætlun um samfélagslegan kostnað. Fundarstjóri var Halldór S. Guðmundsson.

Fulltrúum Félagsráðgjafafélags Íslands var boðið í móttöku á Bessastaði í tilefni af 60 ára afmæli félagsins, þar sem forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, tók á móti 80 félagsráðgjöfum sem hafa sinnt trúnaðarstörfum fyrir félagið á undanförunum árum. Meðal boðsgesta voru heiðursfélagar og fyrrum formenn FÍ.

Afmælisvikan endaði síðan með hinu árlega Félagsráðgjafafingri 23. febrúar, sem haldið var í samstarfi við Félagsráðgjafardeild HÍ og Ís-Forsa. Yfirskrift þingsins vísaði til 60 ára afmælis félagsins: *Félagsráðgjöf og far-sæld í 60 ár*, og var dagskráin fjölbreytt líkt og fyrri ár.

Tókst þingið afar vel og hafa þátttakendur aldrei verið fleiri, eða um 450. Hljómsveitin Eva hóf dagskrána og var það sannarlega kærkomin hressing í morgunsárið. Formaður FÍ opnaði ráðstefnuna og því næst flutti forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, ávarp. Þá var heimildarmyndin um 60 ára sögu félagsins og félagsráðgjafar á Íslandi frumsýnd. Stjórn FÍ er þakklát fyrir góðar viðtökur við heimildarmyndinni og mun finna tækifæri til að kynna hana frekar á næstunni. Að loknu hléi var rafrænn fyrirlestur Lauru Nissen um félagsráðgjöf og framtíðir. Laura átti því miður ekki heimgengt frá Bandaríkjunum en vonandi mun hún hafa tök á að koma hingað til lands síðar til að fjalla meira um þetta efni. Þá tók við pallborð þar sem dr. Guðný Björk Eydal, Halldór S. Guðmundsson, Rannveig Einaradóttir og Sólveig Sigurðardóttir ræddu framtíð félagsráðgjafar undir stjórn Guðmundar Gunnarssonar. Dagskrá fyrir hádegi lauk með tilkynningu formanns vísindanefndar FÍ um styrkveitingar úr Vísindasjóði, en alls voru veittir þrjú styrkir.

Eftir hádegi tóku við 18 málstofur þar sem félagsráðgjafar fjölluðu um fjölbreytt verkefni á vettvangi félagsráðgjafar, svo sem þróunarverkefni og rannsóknir, sem endurspeglar vel þá grósku sem býr innan stéttarinnar. Dagurinn endaði með móttöku í boði félagsins og vísindanefndar.

Almannatengslafyrirtæki sá um samskipti við fjölmiðla sem fyrr og voru tekin upp viðtöl við formann FÍ og nokkra sem voru með erindi í málstofum, sem voru birt á Facebook-síðu félagsins. Tvær málstofur náðu sérstaklega athygli fjölmiðla þar sem fjallað var um þær í Síðdegisútlitum á Rás2. Þingið tókst afar vel og voru þátttakendur leystir út með gjöf frá félaginu sem að þessu sinni var næla, hálsband og stílabók með merki félagsins.



Félagsráðgjafaföng og afmæli FÍ 2024

